Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að stuðla að því, að Reykjavík fái nægilegt af góðri neyslumjólk (handskrifað), ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Neyslumjólk – Reykjavík – Frumvarp – Handskrifað

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-2, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að stuðla að því, að Reykjavík fái nægilegt af góðri neyslumjólk.

1. gr.

Mjólk, sem framleidd er til sölu og flutt landveg meira en 40-45 ~~50~~ ~~40-45~~ km. skal kæld og flokkuð í hreinsunarstöð eða mjólkurbúi áður en hún er lengra flutt, enda skal ~~úr því flytja mjólkina~~ mjólkin flutt þaðan á vel einangruðum tankbílum og stuðlað að því að ~~mjólkin~~ hún haldist óskemmd í flutningi.

2. gr.

Til þess að uppfylla ákvæði 1. gr. skal byggja minnst 2 hreinsunarstöðvar á mjólkursölusvæði Reykjavíkur, með fullkomnum kælitækjum og öðrum nýtísku útbúnaði, sem fylgja ber slíkum stöðvum.

3. gr.

Byrja skal byggingu tveggja hreinsunarstöðva eigi síðar en 1. júní 1946 á þessum stöðum:

1. Að Hellu við Ytri-Rangá. Að þeirri stöð skal flytja alla mjólk úr Rangárvallasýslu, nema Eyjafjallahreppum ~~og Holtum vestan Mjóasunds~~.
Skála
2. ~~Að Seljalandi~~ Undir Eyjafjöllum. Að þeirri stöð verði flutt mjólk úr Eyjafjallahreppum og Mýrdal.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. gr.

Kostnaður við byggingu stöðvana greiðist af eftirtöldum aðilum:
Af Reykjavíkurbæ ¼ hluti, af Mjólkurbúi Flóamanna ¼ hluti, af sameiginlegum verðjöfnunarsjóði Mjólkursamsölunnar ¼ hluti, af ríkissjóði ¼ hluti kostnaðar af byggingunni.

5. gr.

Yfirumsjón með framkvæmd verksins, svo og fyrirkomulagi og gerð stöðvanna skal vera í höndum ~~eftirlitsmanns Reykjavíkurbæjar við Mjólkurstöðina~~ búnaðarráðs. Hann skal og gera tillögur um það hvort og hvar skuli síðar byggja innvigtunarstöðvar á mjólkursölusvæðinu. Sérstaklega skal athuga það í uppsveitum Árnessýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

~~Ákvæði til bráð~~

Stundarákvæði.